

8. gr.

Skrifstofan skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir hverja stofnun. Verði Skrifstofunni falin önnur verkefni, skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir þau.

Skrifstofan gæti þess, að stofnanirnar hagi færslu frumgagna í samræmi við óskir hennar.

Forstjórar stofnananna skulu fá mánaðarlega reikningsyfirlit yfir stöðu sinnar stofnunar, í því formi, sem þeir ákveða sameiginlega. Upplýsingar um stöðu á sjóðs-yfirliti eða aðrar upplýsingar úr bókhaldinu skulu þeir fá eftir því, sem þeir óska hverju sinni.

9. gr.

Starfsfólki Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er skylt að gæta þag-mælsku um atriði, er það fær vitneskju um í starfi sínu, og ber í því tilliti að skoða hverja stofnun sem sjálfstæðan aðila. Upplýsingar úr bókhaldinu skulu einungis gefnar samkvæmt heimild hlutaðeigandi forstjóra.

10. gr.

Skrifstofunni er heimilt að taka að sér þjónustu fyrir rannsóknastofnanir, þótt hún verði ekki talin sameiginleg þeim öllum, enda séu allir forstjórar stofnana, sem í hlut eiga, því samþykkir og hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu komi til af fjárveit-ingu hlutaðeigandi stofnunar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett í samráði við iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og menntamálaráðuneytið og samkvæmt 63. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 125 22. apríl 1966, um Skrifstofu rann-sóknastofnana atvinnuveganna.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 118 18. maí 1972 um útsvör.

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skv. 12., 13. og 14. gr., sbr. 10. og 11. gr., þó ekki 3. mgr. 1. tl. 2. mgr. 10. gr., um álagt útsvar, getur hann gert gjaldþegni útsvar að nýju, enda séu ákvæði 21. gr. uppfyllt, ef um hækkun útsvars er að ræða. Heimilt er gjaldanda að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir reglum 24. greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 342.

12. desember 1972.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.**

1. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar er eign Neskaupstaðar og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því, sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Neskaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Neskaupstaðar skulu jafnan fylgja reikningum bæjar-sjóðs Neskaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Neskaupstaðar og í umboði hennar annast bæjarráð yfirumsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

Forstöðumaður tæknideildar bæjarins er jafnframt vatnsveitustjóri.

3. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar hefur einkarétt á sölu vatns í Neskaupstað og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neytluvatns.

5. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki bygginganefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.